


Starfsskýrsla 2016

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra (HNV) er eitt 10 heilbrigðiseftirlitssvæða sem rekin eru á vegum sveitarfélaganna í landinu. Svæði HNV er víðfeðmt en það nær frá og með Fjallabyggð í austri og vestur til Húnaþings vestra og síðan alla leið suður á Hveravelli. Svæðin hafa með sér náð samband og deila upplýsingum og samræma vinnubrögð. Hlutverk Heilbrigðiseftirlitsins er annars vegar einkum að sinna eftirliti með starfsleyfisskyldri starfsemi og hins vegar stjórnsýsla sem felur í sér lögbundnar umsagnir, m.a. um leyfisveitingar sýslumanna og skipulagsyfirvalda.



Gula svæðið á kortinu sýnir starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

Tilgangur og framkvæmd

Í umræðu um opinbert eftirlit eru annars vegar áberandi umkvartanir um umfang og kostnað „eftirlitsiðnaðarins“ og hins vegar upphrópanir um hvar eftirlitið hafi verið þegar upp koma misbrestir á starfrækslu fyrirtækja, sbr. Brúneggjamálið. Umrædd sjónarmið sem kallast á í umræðunni eru vissulega misvísandi og er fullt tilefni til að fjalla um þau í nokkrum orðum, þ.e. um tilgang eftirlits og framkvæmd.

Í hinum fullkomna heimi væri eflaust engin þörf fyrir eftirlit. Hver og einn borgari myndi þá kynna sér allar reglur og fara eftir þeim samviskusamlega. Raunveruleikinn er annar, eftirfylgni þarf til þess að tryggja að reglur sem samfélagið hefur sett sér séu virtar. Í tilviki heilbrigðiseftirlitsins er verið að fylgja eftir reglum sem snúa að matvælaöryggi, hollustu og öryggismálum og mengunarvörnum. Ef vel tekst upp í forvarnastarfi minnkar það tíðni þess sem verið er að verjast. Á sama hátt ætti gott starf heilbrigðiseftirlits að fækka tilfellum þar sem upp koma matarsjúkdómar, veggjalýs á gistihúsum, sýkingar í sundlaugum og að olía leki út í jarðveginn svo eitthvað sé tínt til.

Ein grunnforsenda þess að starf heilbrigðiseftirlitsins gangi farsælega fyrir sig er að meðal almennings sé góð sátt og skilningur á starfsemi. Á eftirlitssvæði Norðurlands vestra hefur verið þokkalega góð sátt og reynt að bregðast við athugasemdum sem fram hafa komið. Það er einna helst að athugasemdir berist frá hagsmunasamtökum fyrirtækja með fyrirspurnum á landsvísi um framkvæmd, samræmingu og tíðni eftirlits. Hjá heilbrigðiseftirlitunum á landinu er lögð mikil vinna í að samræma vinnubrögð, en ágæt leið til þess að auka gagnsæi og traust væri að birta allar eftirlitsskýrslur á netinu. Víst má telja að Neytendasamtökin munu fagna aukinni upplýsingagjöf til almennings.

Ýmsar leiðir eru færar til að þrýsta á að fyrirtæki lagfæri brotalamir í starfsháttum. Fyrst skal telja þau þvingunarúrræði sem koma fram í lögum, sem fela í sér áminningu og takmörkun á starfrækslu fyrirtækja við alvarleg og endurtekin brot. Eðlilega felur svo róttæk aðgerð sem að takmarka starfrækslu fyrirtækja í sér talsverðan aðdraganda sem kallar á vandaða og kostnaðarsama stjórnslu fyrir eftirlitið.

Í öðru lagi er sú leið að séu gerðar athugasemdir við ákveðna þætti sé þeim fylgt eftir með kostnaðarsömu aukaeftirliti eða þá að fyrirtækjum sé gefinn afsláttur af eftirlitsgjaldinu ef engar athugasemdir eru gerðar.

Í þriðja lagi er sú leið að birta eftirlitsskýrslur í meira mæli opinberlega en það eykur ekki einungis traust og gagnsæi heldur gefur það neytendum kost á að versla frekar við þá sem hafa hlutina í lagi og stuðla þannig að úrbótum. Það er margt sem mælir með því að virkja neytendur í stað þess að beita sektarheimsóknum, en hætt er við að kostnaður vegna sektar-
eftirlits komi harðar niður á minni aðilum, t.d. einyrkjum, en stærri aðilum.

Heilbrigðisnefnd og rekstur

Í 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 er ákvæði um heilbrigðisnefndir: Í hverri nefnd skulu eiga sæti sex menn, fimm kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, þar af skal einn vera formaður, og einn tilnefndur af samtökum atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu. Á árinu 2016 voru haldnir átta stjórnarfundir í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra. Samþykkt voru 38 starfsleyfi til fyrirtækja á Norðurlandi vestra.

Heilbrigðisnefnd var skipuð með eftirfarandi hætti í byrjun árs 2016:

Sigríður Magnúsdóttir, Skagafirði, formaður.
Kristinn Kristjánsson, Fjallabyggð, varaformaður.
Haraldur Þór Jóhannsson, Skagafirði, ritari.
Ína Ársælsdóttir, Húnaþingi vestra.
Anna Margrét Sigurðardóttir, Blönduósi.
Guðný Helga Kristjánsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda.

Í lok ársins urðu þær breytingar á skipan nefndarinnar að Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir varð fulltrúi Fjallabyggðar í stað Kristins Kristjánssonar og Ína Ársælsdóttir var kjörin varaformaður.

Niðurstaða reksturs Heilbrigðiseftirlitsins var neikvæður upp á kr. 582.345 á árinu 2016. Hallinn stafar fyrst og fremst af umtalsverðum afturvirkum launahækkunum sem ekki var hægt að gera ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins.

Starfsmenn Heilbrigðiseftirlitsins voru heilbrigðisfulltrúarnir Sigurjón Þórðarson, Sigríður Hjaltadóttir og Steinunn Hjartadóttir í sömu starfshlutföllum og á síðustu árum. Eina breytingin á starfsmannamálum Heilbrigðiseftirlitsins var að Elva Rut Þorleifsdóttir frá Fjallabyggð var ráðin í tímabundin verkefni hjá Heilbrigðiseftirlitinu og vann hún við úttekt á vatnsbólum í Skagafirði og við veitingahúsaftirlit.

Mengun

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur haft eftirlit með mengun á starfssvæðinu. Eftirlitið og ekki síður sú umræða sem hefur verið um málaflokkuinn hefur skilað áþreifanlegum árangri í bættum mengunarvörnum. Það er rétt að ítreka að vel heppnaðar aðgerðir í umhverfismálum skila fyrirtækjunum sjálfum fjárhagslegum ágóða. Oft er látið að því liggja að mengunarvarnir og aðgerðir í umhverfismálum séu einhver kostnaðarsöm áþján. Mengunarvarnir fela gjarnan í sér bættu nýtni á orku og hráefnum sem leiðir til minni útblásturs og úrgangslausunar, svo ekki sé minnst á bætt orðspor fyrirtækja.



Betur fór en á horfðist þegar olíuflutningabíll valt sumarið 2016.

Aukin krafa er að verða meira áberandi um bættu umhirðu og meðhöndlun úrgangs. Regluverkið hefur ekki fylgt þeim sjónarmiðum eftir, en Heilbrigðiseftirlitið hefur takmarkaða aðkomu að málum á einkalóðum nema ef bein mengunar- eða þá slyshætta stafar af járnaruslinu. Það er fullt tilefni til að endurskoða reglurnar, m.a. með það fyrir augum að skoða hvernig hægt sé að koma að hreinsun á bílflökum og járnarusli á lóðum og lendum, sem blasa við vegfarendum.

Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra hefur settið í nefnd sem hefur það að markmiði að endurskoða fráveitireglugerð nr. 798/1999. Nefndin hefur starfað í bráðum fjögur ár þrátt fyrir að upphafleg áætlun hafi miðað að því að nefndin lyki störfum á mun skemmri tíma. Nú sér loksins fyrir endann á starfinu og nefndin hefur skilað af sér drögum að reglugerð. Talsverður kostnaður hefur fallið á Heilbrigðiseftirlitið vegna fjölmargra funda sem haldnir voru í Reykjavík. Í starfi nefndarinnar skipti máli að sjónarmið frá dreifbýlinu kæmu fram enda snerta reglurnar allar fráveitur landsins. Það er sanngirnismál að ríkið taki þátt í ferðakostnaði fulltrúa sem starfa í nefndum á vegum hins opinbera.

Reglugerðardrögin um fráveitur skýra þær kröfu sem gerðar eru til hreinsunar fráveituvatns og munu að öllum líkindum draga mjög úr kostnaði við gerð langra útrása fráveitna í sjó fram. Auknar kröfur verða hins vegar gerðar til vöktunar á viðtaka til þess að geta staðfest fullnægjandi ástand. Það mun kalla á aukna vinnu og kostnað, en það má vera að Heilbrigðiseftirlitið eða þá Náttúrustofa geti tekið þau verkefni að sér. Heilbrigðiseftirlitið hefur nú þegar tekið að sér afmörkuð verkefni fyrir sveitarfélögin á Norðurlandi vestra á sviði vöktunar og mengunarmælinga, m.a. á urðunarstöðum.

Árlega eru tekin sýni af grunnvatni frá urðunarstöðum á Norðurlandi vestra í samræmi við kröfur sem koma fram í starfsleyfisskilyrðum þeirra. Í framhaldi er gerð samantekt á niðurstöðum mengunarmælinganna.



Sýnatoka vegna vöktunarverkefnis við urðunarstað.

Á árinu 2016 var veitt leyfi fyrir starfrækslu þriggja lítilla brennsluofna við sláturhús á starfssvæðinu sem er ætlað að brenna áhættuvefi sem óleyfilegt er að urða samkvæmt kröfum Evrópusambandsins. Ofnarnir eru mikið framfaraspor út frá sjónarhóli sóttvarna dýrasjúkdóma og hafa vottun um að standast ýrustu mengunarvarnarkröfur. Þrátt fyrir góð vottorð og fyrirheit um að mengunar myndi ekki gæta frá ofnunum hafa kvartanir borist frá starfrækslu allra þriggja brennsluofnanna. Líklega eru rekstraraðilar enn að læra á ofnana og svo má búast við að einhver lykt berist frá þeim, einkum þegar verið er að kveikja upp í þeim. Íbúar á Norðurlandi vestra eru auk þess óvanir allri mengun og verða því áþreifanlega varir við ef einhver framandi keimur berst út í andrúmsloftið þó að það sé ekki í miklum mæli. Reynslan af starfrækslu ofnanna gefur til kynna að rétt sé að huga að staðsetningu þeirra þannig að þeir verði ekki settir upp í nágrenni við hýbyli fólks.

Matvælaeftirlit

Á vordögum 2014 fór HNV í sérstakt eftirlitsverkefni með veitingahúsum á Norðurlandi vestra í samráði við veitingamenn á svæðinu. Niðurstöður ákveðinna eftirlitsþátta og ljósmyndir voru settar á netið fyrir neytendur. Verkefnið var á sínum tíma tilnefnt til norrænna eftirlitsverðlauna. Nú er verkefnið á góðri leið með að verða hluti af reglubundnu eftirliti með veitingahúsum. Tilgangur verkefnisins var þrjúþættur: Í fyrsta lagi að koma til móts við sjónarmið um bættu upplýsingagjöf til neytenda. Í öðru lagi að skerpa á vinnubrögðum Heilbrigðiseftirlitsins til að gera eftirlitið markvissara og í þriðja lagi að ná fram breytingum á starfsháttum á veitingastöðum.

Heilbrigðiseftirlitin á Norðurlandi hafa með sér nána samvinnu og fóru í sameiginlegt átaksverkefni á árinu 2016 þar sem leitað var svara um hvað yrði um útrunnin matvæli og var framhald umræðu um matarsóun.


Niðurstöður voru í stuttu máli að einkum væru þrjár leiðir farnar:

- a) Vörum var skilað til birgja.
- b) Vörum sem runnu út var komið í förgun af verslunum og það sem ekki seldist var dregið frá reikningi.
- c) Vörur voru ekki teknar til baka og ef of mikið var keypt inn sat verslunin uppi með kostnaðinn. Mikilvægt er að þróa verkferla sem bæði draga úr matarsóun og tryggja heilnæmi og gæði matvæla. Verslanir hafa komið á móts við þessi sjónarmið með því að bjóða viðskiptavinum upp á stigvaxandi afslátt eftir því sem síðasti söludagur nálgast.

Hollustuháttaeftirlit

Undir hollustuháttaeftirlit fellur m.a. eftirlit með þrif- og öryggismálum í skólum, þrifnaði á gististöðum, athugun á ástandi íbúða vegna sveppagróðurs og raka, almennum þrifum og sóttþreinsun sundlaugavatns, fótaaðgerða-, húðflúr- og tannlæknastofum auk stofnana sem almenningur sækir þjónustu til, s.s. heilbrigðisstofnana.

Á árinu 2016 hélt gististöðum áfram að fjölga mjög vegna aukinnar ferðamennsku. Flestir þeirra eru smáir og nýtir Heilbrigðiseftirlitið sér athugasemdir gesta ferðaþjónustunnar um þjónustu gististaða. Það hefur reynst vel. Umsagnirnar eru oftar en ekki sannleikanum samkvæmar en þó með staðfestum undantekningum. Það kemur vel til greina að skoða þann möguleika að minnka tíðni heimsókna eftirlitsins og láta í auknum mæli nægja að skoða umsagnir og sinna kvörtunum gesta.



Skálar með æti fyrir myglu – ef gró fellur á það vex upp mygluþyrping.

Á árinu 2016 var talsvert um að óskað væri eftir skoðun á íbúðar- og atvinnuhúsnæði með tilliti til þess hvort sveppagróður væri í húsnæðinu. Yfirleitt er húsnæði mjög gott en umræðan og áhyggjurnar endurspeгла ekki raunverulega stöðu.

Það er rétt að hafa vakandi auga með áhrifum raka á heilsu fólks án þess að hrapa að ályktunum ef upp koma veikindi. Mikilvægt er að hafa í huga að börn á leikskólum og dagheimilum eru tvisvar til sjö sinnum oftari veik en börn sem eru heima hjá sér. Börn á aldrinum hálfis árs til tveggja ára eru veik að meðaltali 24 daga á ári. Erlendar rannsóknir hafa gefið til kynna að með betri handþvotti á leikskólum væri hægt að fækka sjúkdómstíflum um 34%.

Á árinu 2016 gerði eftirlitið verulegar athugasemdir við starfrækslu leikskóla í húsnæði sem hafði orðið fyrir rakaskemmdum, en ekki var að sjá að ástand húsnæðis hefði haft veruleg áhrif á heilsufar barnanna.

Á Norðurlandi vestra er fjöldi sund- og baðstaða alls 16. Heilbrigðiseftirlitið heimsækir þá alla reglulega, tekur sýni úr laugum og pottum, tekur út hreinlæti, fer yfir innra eftirlit og veitir starfsfólki fræðslu. Það er ljóst að miklu máli skiptir að starfsfólk sé vel heima og þjálfað í þeim mikilvægu störfum sem fylgja gæslu og umsjón með öryggi sundstaða.

Sveitarfélögin reka nær allar sundlaugar á Norðurlandi vestra og fylgir rekstri sundlauga mikil ábyrgð. Rekstraraðila sundlaugar ber að gera um öryggi gesta skriflega áætlun sem á að fela í sér áhættumat og áætlun um forvarnir. Gerð er krafa til skýrra merkinga, þjálfunar starfsfólks, þrifaáætlunar og innra eftirlits.

Apríl 2017,
Sigurjón Þórðarson framkvæmdastjóri